

Ársskýrsla Fagdeildar um samþætta hjúkrun

starfsárið 23. mars 2022 – 15. mars 2023

Félagafjöldi: 65

Stjórn fagdeildar á starfsárinu: : Lilja Jónasdóttir, formaður; Rannveig Björk Gylfadóttir, ritari; Þóra Jenný Gunnarsdóttir, gjaldkeri; Lóa Björk Ólafsdóttir, meðstjórnandi; Kristín Rósa Ármannsdóttir, meðstjórnandi. Eygló Jónsdóttir, varamaður. Sigríður Þorbergsdóttir starfaði sem varamaður til hausts 2022, sagði sig þá frá stjórnarstörfum vegna persónulegra aðstæðna. **Error! Bookmark not defined.**

Stjórn fagdeildar á næsta starfsári Breytingar frá aðalfundi 2023: Lóa Björk Ólafsdóttir óskaði að færast í sæti varamanns, Eygló Jónsdóttir færðist úr stöðu varamanns í meðstjórnanda. Rannveig Eir Helgadóttir var kjörin í sæti varamanns. Sigríður Þorbergsdóttir gekk úr stjórn. **Stjórnin er því þannig skipuð starfsárið 23-24:** Lilja Jónasdóttir, formaður; Rannveig Björk Gylfadóttir, ritari; Þóra Jenný Gunnarsdóttir, gjaldkeri; Eygló Jónsdóttir, meðstjórnandi; Kristín Rósa Ármannsdóttir, meðstjórnandi. Lóa Björk Ólafsdóttir, varamaður, Rannveig Eir Helgadóttir, varamaður. **Error! Bookmark not defined.**

Félagsgjald: 3000 kr.

Stjórnarfundir voru sjö á árinu, þar af einn lengri vinnufundur. **Error! Bookmark not defined.**

Innlend starfsemi:

Leiðarljós í starfi stjórnarinnar á starfsárinu var að styrkja/byggja upp félaga vegna langvinns álags í starfi og breytinga sem hafa orðið á samfélaginu í kjölfar kórónaveirunnar. Áhersla var lögð á að nýta sérþekkingu félagsmanna í samþættum meðferðum og bjóða félögum deildarinnar að njóta hennar.

Slökunarstundir Þrjár slökunarstundir voru sendar út í október á Facebook síðu fagdeildarinnar. Alls voru útsendingar sjö á árinu 2022. Fjórir stjórnarmenn tóku þátt í útsendingunum og var nálgunin mismunandi: Slökun, dáleiðsla, self-compassion og Jóga Nidra. Slökunarstundirnar eru öllum aðgengilegar á Facebook síðu fagdeildarinnar og hafa verið mjög vel nýttar.

Málþing fagdeildarinnar var haldið 14.10.2022 í Nauthóli. Heiti málþingsins var Umhyggja, samkennd og sjálfsrækt. Átta fyrirlesarar voru með mjög áhugaverð erindi, þar á meðal var gestafyrirlesari frá Edinborg, Erna Haraldsdóttir. Erindi hennar fjallaði *Um gildi umhyggju og nærveru í hjúkrun*. Var mjög góður rómur gerður af erindi hennar sem og öðrum fyrirlestrum.

Að auki voru tvær yndislegar upplifunarstundir, Rannveig Björk Gylfadóttir leiddi æfingu í samkennd í lok fyrirlestrar síns og Laufey Steinþórsdóttir bauð upp á slökunarstund og spilaði á gong í ráðstefnulok. Stjórnin ákvað að málþingið yrði opið öllum hjúkrunarfræðingum, hvort sem þær væru í fagdeildinni eða ekki.

Þátttakendur á málþinginu voru 63: 32 félagsmenn í fagdeildinni og 31 hjúkrunarfræðingar utan deildar, greiddu þeir þátttökugjald, en þátttaka var félögum deildarinnar að kostnaðarlausu

Fræðslufundur: Í lok aðalfundar 2022 var fræðslufundur. Kristín Rósa Ármannsdóttir flutti fyrirlestur um streitu, streitustjórnun og seigluþjálfun, þar sem hún byggði á SMART- Stress Management and

Resilience Training, námi sem Benson Henry Institute við Massachusetts Hospital hefur þróað. Hún bauð viðstöddum að njóta dásamlegrar jóga níðra slökunar lok fundar.

Heilsueflandi dekurhelgi var haldin helgina 10 – 12 febrúar 2023. Haldið í Birkihofi, Biskupstungum. Aðstaða var öll góð, nóg af heitu vatni og var lítil sundlaug með útbúnaði til að fljóta í vatni og einnig heitur pottur og gufa. Þátttakendur sem eru vanar að nota viðbótarmeðferðir buðu hinum að njóta. Fyrir utan góða samveru og hópeflingu sem myndaðist var boðið upp á sameiginlega yoga Nidra stund með Gong tónlist, möntrusöng, hópkenndu í sjálfsdáleiðslu, hóphugleiðslu á orkustöðvarnar, heilunarsöng Margrétar og fleira. Rými var fyrir fjórtán þátttakendur og var mikil ánægja með helgina.

Nokkur vinna hefur farið í yfirferð á gagnagrunni á skráningu hjúkrunar sem er í vinnslu hjá ICNP. Stjórnin hefur skoðað gagnagrunninn með tilliti til skráningu á samþættum meðferðum í hjúkrun. Eitt af þeim er hugtakið nærvera sem við fundum ekki sem sjálfstæða meðferð í núverandi gagnagrunni. Okkur finnst nærvera vera mikilvægur þáttur í hjúkrun, stundum er nærvera eina meðferðin í boði og þörf á að geta skráð þegar henni er beitt. Næsta skref er að senda vel ígrundaða umsókn þar sem fram kemur skilgreining á hugtakinu, rökstuðningur um hvers vegna þörf er á því að bæta því í gagnagrunninn og dæmi um mikilvægi þess fyrir hjúkrun. Þá þurfum við að safna saman nokkrum dæmum úr starfinu, þar sem nærvera er beitt sem sjálfstæðri meðferð fyrir skjólstæðing. Þetta er verk í vinnslu.

Ráðstefnur: Dagana 27.-29. apríl sátu nokkrir félagar deildarinnar saman fjórðu alþjóðlegu ráðstefnu Integrative Nursing Society sem var að þessu sinni rafræn. Stjórnin fékk afnot af fundarsal í Eirbergi og bauð þátttakendum að vera saman, sem varð til þess að skemmtilegar umræður sköpuðust.

Fréttabréf: Þrjú fréttabréf voru send til félagsmanna í netpósti. Í bréfunum var styrktarsjóður auglýstur og félagar hvattir til að sækja um. Einnig voru fréttir af starfinu og upplýsingar um komandi dagskrá.

Fundur sviðstjóra fagsviðs Fíh með formönnum fagdeilda. Formaður fagdeildarinnar tók þátt í Hjúkrunarþingi í október og tveimur fundum sem sviðstjóri fagsviðs Fíh hélt með formönnum svæðis- og fagdeilda. í október 2022 og janúar 2023.

Innlendur styrkur frá Fíh : Fagdeildin fékk 300 þúsund krónur í styrk til starfsemi deildarinnar frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga. Stór hluti styrksins, þ.e. 262.000 kr. var nýttur vegna málþingsins. Restin fór í aðra starfsemi deildarinnar, ma. veitingar á aðalfundi. Þökkum félaginu kærlega fyrir að stykja starfseminu.

Starf nefnda innan fagdeilda: Á aðalfundi 2022 var borin fram tillaga um að fagdeildin stæði fyrir heilsueflandi dekurhelgi fyrir félagsmenn. Í undirbúningsnefndinni voru Sólveig Klara Káradóttir, Gyða Ölvisdóttir, Margrét Hákonardóttir og Eygló Jónsdóttir sem var tengiliður við stjórnina.

Styrktarsjóður:

Ein umsókn barst til Styrktarsjóðs, Kristín Rósa Ármannsdóttir fékk 50.000 kr. styrk til jógatherapíu náms.

Reykjavík, 15. mars, 2023

Lilja Jónasdóttir, formaður fagdeildar um samþættar meðferðir í hjúkrun.